



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education

www.european-agency.org

HVER VIÐ ERUM¹

Markmið okkar er að aðstoða aðildarlönd okkar við að bæta stefnu sína um nám án aðgreiningar og starf fyrir alla nemendur. Allt starf okkar er í samræmi við og styður beint alþjóðleg framtaksverkefni og framtaksverkefni samkvæmt stefnu Evrópusambandsins í menntun, jafnræði, jöfnum tækifærum og réttindum fyrir alla nemendur.

Við erum sjálfstæð stofnun sem greiðir fyrir samstarfi á milli 31 aðildarlanda okkar². Við vinnum að því að tryggja menntakerfi án aðgreiningar, sem eini evrópski aðilinn sem aðildarlöndin halda úti fyrir þetta tiltekna markmið. Miðstöðinni var komið á fót árið 1996 og er hún sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með stuðningi Evrópuþingsins.

¹ European Agency for Special Needs and Inclusive Education / Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir

² Austurríki, Belgía (flæmsku- og frönskumælandi hlutar), Bretland (England, Norður-Írland, Skotland og Wales), Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Serbía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

ÞAÐ SEM VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á

SANNREYNDAR UPPLÝSINGAR

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2006) og ýmsar tilskipanir ESB og samskipti undirstrika að lönd eiga ekki lengur að ræða *hvað* nám án aðgreiningar sé eða *hvers vegna* þau eigi að veita það. Núna er þörf á leiðbeiningum um *hvernig* eigi að innleiða menntakerfi án aðgreiningar á stigum kennara, skólastofunnar, skólans, umdæmisins, sveitarfélagsins og landsstefnunnar. Við veitum löndum **sannreyndar upplýsingar** og tilmæli um hvernig eigi að innleiða lykilstefnur í framkvæmd.

Við leggjum fyrst og fremst áherslu á nám án aðgreiningar í sem víðustum skilningi – það er að segja, fjöllum um fjölbreytileika meðal nemanda í öllum menntastofnunum sem **mannréttinda- og gæðamál**.



NÁLGUN VIÐ MARGA HAGSMUNAAÐILA

Í gegnum net okkar af löndum og með þátttöku sérfræðinga í verkefnum, sameinum við sjónarmið **stefnu, framkvæmdar og rannsókna**. Þessi einstaka samsetning gerir okkur kleift að finna tengingar á milli þessara þriggja sjónarmiða og þróa síðan alhliða tilmæli fyrir stefnu og framkvæmd sem taka tillit til allra sjónarmiðanna.

SAMEIGINLEG RÖDD

Með samstarfi við aðildarlönd okkar tryggjum við að **þekking og úrræði frá stökum löndum skapi samfellda, sameiginlega röksemdafærslu**. Þannig fáum við sameiginlega rödd um mikilvæg málefni sem hlustað er á í Evrópu og á alþjóðavettvangi.

31 aðildarlöndin eru nú með sameiginlega afstöðu til menntakerfa án aðgreiningar sem skilgreinir sýn okkar. Þetta er talsverður árangur sem undirstrikar hvernig lönd með afar ólíkar nálganir til náms án aðgreiningar geta deilt sameiginlegri sýn um gæðanám án aðgreiningar fyrir alla nemendur.



Meðal allra aðildarlanda miðstöðvarinnar eru **endanleg markmið námskerfa án aðgreiningar að tryggja að öllum nemendum, óháð aldri, sé veitt þýðingarmikil, hágæða námstækifæri í sínu næsta nágreppi, meðal vina sinna og jafnaldra**.

UMHVERFI FYRIR NÁM MEÐAL JAFNINGJA

Miðstöðin setur fram umhverfi fyrir **nám meðal jafningja** fyrir aðildarlönd og landsfulltrúa þeirra og sérfræðinga. Þátttaka í störfum miðstöðvarinnar – eins og heimsóknir til þáttökulanda – eflir nám meðal jafningja. Bæði þátttakendur frá gestgjafalöndum og þátttakendum í heimsókn hagnast, þar sem nám meðal jafningja auðveldar **sjálfsskoðun og að skipst sé á reynslu**. Þetta styður langtíma stefnumótun og innleiðingu meðal þátttakenda verkefnisins.





HVERNIG VIÐ STÖRFUM

Starf okkar snýst fyrst og fremst um að bæta árangur *allra* nemenda á öllum stigum ævináms á aðgreiningar. Þetta verður að gera á viðeigandi hátt, sem eykur möguleika og tækifæri nemenda til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Við höldum úti ýmsu starfi til að stuðla að þessu markmiði:

VERKEFNI

Við söfnum gögnum, greinum upplýsingar og veitum aðildarlöndum okkar tilmæli og leiðbeiningar um starf og stefnu, jafnframt því sem við miðlum upplýsingum um forgangsmálefni með verkefnum á tilteknum sviðum.

Öll verkefni okkar fjalla um málefni sem stefnumótandi aðilar á sviði sérþarfa og náms án aðgreiningar láta sig varða. Í gegnum árin höfum við fjallað um víðtæk málefni, þar með talið snemmtæka íhlutun ungra barna, kennaramenntun, fjármögnunarstefnur, einstaklingsmat, starfsmenntun og þjálfun, UST og upplýsingaaðgengi og aukinn árangur allra nemenda.

Seinni tíma verkefni munu leggja áherslu á stefnu fyrir nám án aðgreiningar til að koma í veg fyrir erfiðleika í skóla, stefnu til að styðja skólastjórnendur við innleiðingu á námi án aðgreiningar, undirbúa kennara til að hafa alla nemendur með á skilvirkan hátt og rannsaka áhrifin af námi án aðgreiningar í stuðningi við langtíma félagslega þátttöku.

MAT Á LANDSSTEFNUM

Starf okkar við mat og greiningu á stefnu einstakra landa (CPRA) er nýtt form landsupplýsinga um hvert land fyrir sig. Það veitir löndum endurspeglun á núverandi stefnurömmum fyrir nám án aðgreiningar. Ennfremur býður það hverju landi sértæk tilmæli varðandi forgangsmál sem taka þarf á.

UTANAÐKOMANDI RÁÐGJÖF

Við störfum með stökum löndum samkvæmt tvíhliða samningum fyrir ytra mat á námskerfum þeirra án aðgreiningar. Matið ber núverandi forgangsmál saman við hóp staðla sem landið sem um ræðir tilheyrir. Nálgun ytra mats hjálpar við að upplýsa sjálfsskoðun á ólíkum stigum kerfisins og auðkenna svæði fyrir framtíðarþróunarstarf innan kerfis landsins.





Við veitum einnig ráðgjöf til alþjóðlegra stofnana sem rannsaka stefnuatriði náms án aðgreiningar, sem við deilum áhuga á.

ÚTBREIÐSLA UPPLÝSINGA

Niðurstöðum og uppgötvunum í starfi okkar er dreift víða innan Evrópunets aðildarlanda og víðar. Allar upplýsingar eru tiltækar á vefsvæði miðstöðvarinnar, þar sem hægt er að sækja niðurstöður verkefna, eins og skýrslur, fræðilega umfjöllun, upplýsingabæklinga og stefnuyfirlit án endurgjalds. Niðurstöður helstu verkefna eru tiltækar á öllum 25 opinberum tungumálum miðstöðvarinnar.

Vefsvæði okkar inniheldur fjölda upplýsinga um hvert og eitt aðildarland. Þar á meðal er landsbundið yfirlit yfir lagakerfi landanna, fjármögnun, sérkennslu, kennaramenntun, gögn, gæðaviðmið og landsfréttir.

HAFIÐ SAMBAND

Hafið samband við fulltrúa Íslands hjá Evrópumíðstöðinni ef ykkur langar til að ræða við einhvern um nám án aðgreiningar hér á landi. Upplýsingar um þá er að finna í kaflanum „Landsupplýsingar“ (‘Country information’) á vefsetrinu:

www.european-agency.org/country-information

Spurningum um Evrópumíðstöðina og starfsemi hennar skal beina til:

aðalskrifstofunnar:

secretariat@european-agency.org

eða skrifstofunnar í Brüssel:

brussels.office@european-agency.org

RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG PÓLÍTÍSKIR VIÐBURÐIR

Við skipuleggjum og tökum þátt í ráðstefnum, námskeiðum, hringborðsumræðum, málþingum og fleiru. Þetta veitir ýmsum hagsmunaaðilum möguleika á að vekja fólk til vitundar um málefni sem eru á döfinni, læra hver af öðrum, miðla upplýsingum um forgangsmál og auðvelda fólki að taka þátt í samstarfi.

EVROPSKT OG ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Samstarf við evrópskar stofnanir og alþjóðleg samtök, eins og UNESCO og stofnanir þess (Alþjóða mennta- skrifstofan, Stofnun Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á sviði upplýsingatækni í menntamálum), OECD, Eurostat, Eurydice, Cedefop og Alþjóðabankinn, er mikilvægur þáttur í starfi okkar.

Ýmsar stofnanir vinna að sömu markmiðum út frá sameiginlegum gildum. Við tökum þátt í verkefnavinnu með fjölda stofnana og samtaka til að forðast skörun verkefna og auðvelda samfélögum að vera meira án aðgreiningar.